

Líkskoðun 1. apríl 1903 vegna andláts Páls Júlíusar Pálssonar í Skaftárdal.

ÞÍ. Sýsl. Vík í Mýrdal. B/24-10. Dómsskjöl 1903 (Réttvísing gegn Oddi Stígssyni og Margræti Eyjólfsdóttur).

Nr. 7. Framlagt í lögglurætti Skaftafellssýslu 2. apr. 1903. Guðl. Guðmundsson.

VISUM REPERTUM

Samkvæmt fyrirskipun sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 29. f. m., vorum við í dag staddir á Kirkjubæjarklaustri til að rannsaka lík barnsins Páls Júlíusar Pálssonar er samkvæmt skýrslu húsbónda þess, Odds Stígssonar í Skaftárdal, hafði orðið bráðkvatt 26. f. m. Lík þetta höfum vér nú skoðað nákvæmlega og leit það þannig út:

Líkið er mjög anæmiskt¹ og magurt og það svo að telja má í því rifbeinin í 23 feta fjarlægð, kinnfiskasogið, hin subcutana fita² er algjörlega horfin. Enginn rigor³ til staðar. Líkblettir greinilegir á baki og mjög greinileg rotnunarmerki á öllu kviðarholinu. Höfuðbeinin, kjálkar og tennur bera þess greinilegan vott að barnið hefur haft rhachitis⁴ í æsku. Á hægri gagnauga utan við augabrúnina er superficial excoriation⁵ með hrúðri en ekkert mar (contusio) né blóðhlaup (extravasat) í kring. Engin finnanleg læsion⁶ af höfuðbeinum né augum. Bak við vinstra og hægri eyra eru superficial excoriationir. Engar læsionir á eyrnagöngum, membranæ tympanicæ normalar.⁷ Á efri vör lítil excoriation. Ekkert abnormt við cavitatis oris,⁸ utan slímhimnurnar anæmiskar. Á bakinu excoriationir og blóðris um regione lumbalis ad anum,⁹ sem dreifast frá bakinu niður glutæus dexter¹⁰, c. 10 ctm. niður fyrir trochanter major¹¹ og fram á við fram að crista ilei¹² sem eftir hríslu væri. Vinstra megin litlar sem engar excoriationir. Engar excoriationir í hnésbótum, brjósti, kvið né annars staðar, auk framgreindra nema ofurlitlar excoriationir framan á báðum hnéskeljum. Kolbrandur¹³ (gangræn) er í báðum stórutáargómum inn að beini og liggja naglirnar lausar. Minni kolbrandssár á hinum tánum. Bjúgbólga í báðum fótum. Frekari rannsókn á líkinu var ekki álitin nauðsynleg.

Conclusion:

Af framanritaðri rannsóknarskýrslu er það samhuga álit okkar að dauðaorsök barnsins sé skortur á viðurværi í sambandi við vanhirðingu á kolbrandssárum (gangræn) á fótum.

p.t. Kirkjubæjarklaustri, 1. apríl 1903.

Bjarni Jensson Þorgrímur Þórðarson

¹ Blóðlítið, guggið.

² Fita sem er undir húð.

³ Stífni, dauðastirðnun.

⁴ Beinkróm. Hörgulsjúkdómur hjá börnum sem truflar eðlilega beinmyndun, sökum skorts á D-vítamíni og kalki.

⁵ Fleiður eða hrúflur á húð.

⁶ Áverkar, meiðsli.

⁷ Hljóðhinnur eðlilegar.

⁸ Ekkert óeðlilegt við munnhol.

⁹ Fleiður og blóðris um lendasvæði og mjóbak.

¹⁰ Rassvöðva hægri megin.

¹¹ Hnúðurinn efst á lærlegg við liðamót.

¹² Mjaðmarspaða.

¹³ Drep.